

Ár 2010, fimmtudaginn 4. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 12. október 2010.**

Í bréfinu er kynnt ritið „Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga“ sem komið er út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Æskulýðsráðs.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 29. október 2010.**

Í bréfinu er kynnt áætluð tekjujöfnunarframlag fyrir árið 2010 og hvernig útreikningi þess er háttað.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 29. október 2010.**

Í bréfinu eru kynntar reglur um ráðstöfun 1.000 m.kr aukaframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2010.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Sveitarfélaginu Ölfus frá 8. október 2010.**

Í bréfinu er kynnt afgreiðsla bæjarstjórnar Ölfuss á erindi frá Orkustofnun þar sem óskað var umsagnar sveitarfélagsins á umsókn Sunnlenskrar orku ehf um leyfi til rannsókna á jarðhita og grunn- og yfirborðsvatni í Grænsdal í Ölfusi. Bæjarstjórn Ölfus hafnar að veitt verði rannsóknarleyfi umfram það sem staðfest aðalskipulag Ölfuss 2002-2014 tekur á.

Bæjarráð fagnar eindreginni afstöðu Ölfusinga og áformum þeirra um hverfisvernd í Grænsdal, Reykjadal og á svæðinu þar í kring. Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu Hvergerðinga til virkjunaráforma í nágrenni Hveragerðis og telur að virkjanir á því svæði sem hér um ræðir muni hafa óafturkræf áhrif á umhverfi og lífsgæði þeirra íbúa sem næst búa.

- 1.5. **Hjúkrunar- og ljósmæðraráði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands frá 25. október 2010.**

Í bréfinu er kynnt ályktun Hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna niðurskurðar á fjárveitingu til stofnunarinnar í frumvarpi til fjárlaga 2011.

Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **Velferðarvaktinni frá 25. október 2010.**

Í bréfinu er áskorun frá Velferðarvaktinni til sveitarstjórna um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni.

Lagt fram til kynningar.
- 1.7. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2010.**

Í bréfinu er kynnt námskeið um aðgerðaráætlanir í jafnréttismálum en félagsmálastjóri sótti námskeiðið fyrir hönd bæjarins.

Lagt fram til kynningar.
- 1.8. **Samtökum um kvennaathvarf frá október 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2011.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en Hveragerðisbær hefur styrkt starfsemi Kvennaathvarfs undanfarin ár. Ákvörðun um styrkupp hæð vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011.
- 1.9. **Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagi Íslands frá 12. október 2010.**

Í bréfinu er kynnt ágóðahlutagreiðsla árið 2010. Hveragerðisbær fær kr. 3.561.000.- í ágóðahlutagreiðslu.

Lagt fram til kynningar.
- 1.10. **Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands frá 12. október 2010.**

Í bréfinu er boðað til auka aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands föstudaginn 3. desember kl. 13:00 á Hótel Hvolsvelli.

Lagt fram til kynningar.
- 1.11. **Suðurlandsvegur ehf frá 5. október 2010.**

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Suðurlandsvegar ehf sem haldinn var miðvikudaginn 20. október sl.

Fulltrúi Hveragerðis á fundinum var bæjarstjóri sem setið hefur í stjórn félagsins frá upphafi. Á fundinum var samþykkt tillaga frá Sjóvá Almennum tryggingum ehf um að leggja félagið niður þar sem engin formleg starfsemi hefur verið í félaginu síðustu misserin. Eignum verður ráðstafað til hluthafa í samræmi við eignarhluta þeirra í félaginu.

Bæjarráð styður ákvörðun um slit félagsins þar sem ljóst er að í ljósi aðstæðna er ekki þörf fyrir frekari rekstur þess en framkvæmdir eru nú hafnar við nýjan Suðurlandsveg.
- 1.12. **Ábúendum Friðarstöðum frá 22. október 2010.**

Í bréfinu er rætt um hundahald á lögbýli og framkvæmd handsömunar á lausum hundum í Hveragerði.

Bæjarráð telur að dýraeftirlitsmaður hafi farið í einu og öllu að ákvæðum samþykktu um hundahald í Hveragerði frá 8. febrúar 2007. Skv. 4. gr. umræddra samþykktu og 25. gr laga no. 7/1998 er sveitarfélagi heimilt að innheimta gjald sem samsvarar rökstuddum kostnaði fyrir veitta þjónustu. Bæjarráð telur ekki að umrætt gjald sé of hátt enda greiðir bæjarfélagið umtalsverða upphæð með dýraeftirliti árlega. Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu.

1.13. **Íbúum við Varmahlíð frá 20. október 2010.**

Í bréfinu sem er undirritað er af 10 íbúum við Varmahlíð er óskað eftir hraðahindrun í götuna.

Bæjarráð felur skipulags- og bygginganefnd að veita umsögn um erindið á grundvelli stefnumörkunar og forgangsröðunar umferðaröryggis sem unnin var fyrir bæjarfélagið árið 2007.

1.14. **Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ás frá 26. október 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir að settar verði upp hraðahindranir í báða enda götunnar Frumskóga vegna hraðaksturs í götunni.

Bæjarráð felur skipulags- og bygginganefnd að veita umsögn um erindið á grundvelli stefnumörkunar og forgangsröðunar umferðaröryggis sem unnin var fyrir bæjarfélagið árið 2007.

1.15. **Undirskriftarlisti vegna hraðahindrana.**

Lagður fram undirskriftarlisti sem 333 aðilar hafa ritað undir þar sem nýjum hraðahindrunum sem bærinn hefur sett upp er mótmælt.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Hraðahindranirnar sem hér um ræðir voru settar upp vegna ítrekaðra kvartana um hraðaakstur á Þelamörk og Finnmörk en þær götur eru jafnframt afar fjölfarnar gönguleiðir barna, ungmenna og annarra íbúa en þéttleiki byggðar á þessu svæði hefur aukist mjög undanfarin ár. Þær hraðahindranir sem settar voru upp eru víða notaðar og hafa þar sannarlega lækkað umferðarhraða. Kostnaður við þær er ríflega 10 sinnum minni en hellulagðar þveranir sem gerði að verkum að hægt var að setja mun fleiri hindranir en annars hefði verið mögulegt. Bæjarráð felur skipulags- og bygginganefnd að veita umsögn um erindi íbúanna á grundvelli stefnumörkunar og forgangsröðunar umferðaröryggis sem unnin var fyrir bæjarfélagið árið 2007.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Niðurstaða yfirmatsmanna vegna skjálftatjóns á fráveitumannvirki.**

Lögð fram yfirmatsgerð frá Viðlagatryggingu Íslands vegna tjóns er varð á skolphreinsistöð Hveragerðisbæjar í kjölfar jarðskjálftanna 29. maí 2008.

Bæjarráð samþykkir matsgerð yfirmatsmanna.

3. Verkfundargerðir:

3.1. Gatnagerð 2010 frá 7. og 21. október 2010.

Fundargerðirnar samþykktar.

3.2. Gervigrasvöllur á Vorsabæjarvelli frá 12. og 26. október 2010.

Fundargerðirnar samþykktar.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 1. október 2010.

4.2. Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 13. september 2010.

4.3. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 7. og 19. október 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)